

AUGLÝSING

um (4.) deiliskipulagsbreytingu virkjunar á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. mars 2008 samþykkt deiliskipulag er nær til 4. breytingar virkjunar á Hellisheiði, Ölfusi, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

4. breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar, ásamt umhverfisskýrslu er afgreidd af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlna nr. 105/2006. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin er í sjö liðum og varðar lóð og byggingarreit fyrir skiljustöð í Hamragili, stækkun skiljustöðvar A, stækkun byggingarreits stöðvarhúss, lögn fyrir neyðarlosun affallsvatns, lóð fyrir starfsmannahús, minnkun niðurrenslissvæðis sunnan Suðurlandsvegur og nýtt borsvæði norðan Hamragilsvegur.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 16. júlí 2008.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,
Sigurður Jónsson.